

## Ræða Arnars Sigurmundssonar, formanns stjórnar LL

### Ágæta lífeyrissjóðafólk og gestir!

Frá því að við komum saman til aðalfundar Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir réttu ári síðan hefur þjóðfélagsumræðan mótast af því gríðarlega áfalli sem bankahrunið og eftirmálar þess hafa valdið í samfélaginu og snertir okkur öll með einum eða öðrum hætti.

Það var fyrir séð að bankahrunið haustið 2008 og afleiðingar þess myndu setja mikinn svip á afkomu lífeyrissjóðanna á árinu 2009. Þrátt fyrir að við mat á heildareignum lífeyrissjóðanna í árslok 2008 hafi verið tekið tillit til fjárfélaganna afleiðinga banka- og efnahagshrunsins á stöðu sjóðanna, hafa afleiðingar þess reynst í senn þyngri og langvinnari fyrir sjóðina en gert var ráð fyrir.

Óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa alvarlega ástands, sem skapaðist með falli bankanna, var frekari veiking krónunnar, aukin verðbólga, margföldun atvinnuleysis ásamt mikilli skuldaaukningu hjá fólki og fyrirtækjum.

Árið 2008, þegar viðskiptabankarnir féllu, var saman vegin neikvæð raunávöxtun allra lífeyrissjóða um 21,8% samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins en við höfðum áætlað á aðalfundinum í fyrra að neikvæð ávöxtun væri 21,5%.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla, og byggja það á upplýsingum og ársreikningum lífeyrissjóða sem eru með um 94% heildareigna, að árið 2009 hafi vegið meðaltal nafnávöxtunar lífeyrissjóðanna verið um **9,0%**. Verðbólga á sama tímabili var 8,6% og gefur þetta því 0,4% raunávöxtun á heildareignir sjóðanna á síðasta ári.

Þrátt fyrir að sjóðirnir nái ekki 3,5% raunávöxtun á síðasta ári eru þetta mikil umskipti til hins betra. Engu að síður voru afleiðingar fjármálakreppunnar að koma fram allt árið 2009 og raunar gætir þeirra enn á fyrstu mánuðum ársins 2010.

Starfsemi Kauphallarinnar á Íslandi er nú ekki nema svipur hjá sjón frá því sem var fyrir bankahrún og ljóst að langur tími mun líða þar til þar til tekist hefur að byggja upp hlutabréfamarkað á nýjan leik hér landi.

Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu mikið á liðnu ári eftir miklu dýfu árið 2008. Bandaríska S&P500 hlutabréfavístaflan hækkaði um rúm 23% í dollurum. Heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 27% í dollurum en hún er helsti mælikvarði á breytingar á hlutabréfamörkuðum í heiminum. Áhrifin af þessum hækkunum skila sér enn betur hér á landi vegna nokkurrar lækkunar á gengi íslensku krónunnar á síðasta ári gagnvart Bandaríkjadollar og öðrum erlendum gjaldmiðlum.

Þrátt fyrir áframhaldandi eignarýrnun lífeyrissjóðanna, af völdum gjaldþrota og erfiðleika fólks og fyrirtækja síðasta ári, áætla Seðlabanki Íslands að heildareignir lífeyrissjóðanna hafi aukist um 195 milljarða króna á árinu 2009. Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs eru áætlaðar 1.786 milljarðar en var 1.591 milljarður króna í árslok 2008. Þessar tölur gefa ekki alveg raunsanna mynd vegna þess að iðgjaldatekjur sjóðanna eru áætlaðar um 40 milljörðum hærrí en lífeyrisgreiðslur þeirra á árinu 2009. Þrátt fyrir áframhaldandi eignarýrnun og afskriftir á síðasta ári er langstærsti hluti eigna sjóðanna að skila góðri ávöxtun hvort sem það eru ríkiskuldabréf, sjóðfélagalán eða erlend verðbréf.

Til þess að lífeyrissjóðir geti staðið undir lífeyrisskuldbindingum sínum þarf árleg langtímaávöxtun þeirra að nema 3,5% umfram verðbólgu. Afkoma síðustu þriggja ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu árið 2008. Ef við skoðun nánar meðaltal raunávöxtunar síðustu 5 og 10 ára koma þessar breytingar berlega í ljós.

Hafa þessi áföll leitt til þess að margir lífeyrissjóðir neyðast til þess að lækka lífeyrissréttindi og lífeyrissgreiðslur á árinu 2009 og aftur á miðju þessu ári. Auknar greiðslur örorkulífeyris, vaxandi langtímaatvinnuleysi og lengri meðalævilíkur hafa aukið á vandann. Hafa verður í huga að þessir sömu lífeyrissjóðir höfðu flestir aukið réttindi sjóðfélaga umfram hækkun vísitölu þegar ávöxtun þeirra gaf tilefni til þess, nokkru fyrir bankahrúnið.

Einnig ber að hafa í huga að frá því í september 2008 og fram til vorsins 2010 hefur vísitala neysluverðs, sem myndar grundvöll fyrir lífeyrisgreiðslur flestra sjóðanna, hækkað um 15%. Á vinnumarkaði hafa laun ýmist lítið eða ekkert breyst eða jafnvel lækkað frá bankahrúninu haustið 2008. Þá eru nú 8-9% af öllu vinnuafli í landinu án atvinnu og í langflestum þeim tilvikum hefur fólk þurft að þola mikinn samdrátt tekna.

Fjármálakreppan hér á landi hefur óhjákvæmilega leitt til mikilla breytinga á fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í bankainnistæðum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánum. Heildareignir sjóðanna í innlendum hlutabréfum eru komin niður í tæp 3%. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna, umreiknaðar í íslenskar krónur, voru 12% hærrí í árslok 2009 en í ársbyrjun þrátt fyrir að sjóðirnir hafi innleyst umtalsverðar erlendar eignir á árinu. Ekkert bólar á afnámi gjaldeyrishaftanna og hefur þessi þrönga staða komið mjög niður á möguleikum lífeyrissjóðanna til frekari áhættudreifingar með fjárfestingum erlendis og til betri ávöxtunar.

Starfsemi Landsamtaka lífeyrissjóðanna hefur verið öflug allt frá stofnun samtakanna fyrir rúmum áratug. Til margra ára höfðu verið starfandi tvenn hagsmunasamtök lífeyrissjóða en þau báru gæfu til þess að sameinast undir merki LL fyrir rúmum áratug. Segja má að bankahrúnið í október 2008 hafi gjörbreytt umfangi og starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða á flestum sviðum.

Gríðarleg vinna hefur farið fram á vettvangi LL með lífeyrissjóðunum sem miðar að því að gæta heildarhagsmuna sjóðanna í öllu því umróti sem fylgdi falli bankanna og fleiri fyrirtækja sem sjóðirnir áttu viðskipti við vegna hlutafjár- og skuldabréfasviðskipta. Þessi vinna hefur hvílt á fjölmörgum aðilum, langflestum tengdum LL og lífeyrissjóðunum.

Til þess að fylgja málum eftir hefur verið leitað til sérfræðinga innan og utan lífeyrissjóðanna. Samhliða þessu hafa verið og eru starfandi málefna- og starfshópar innan LL sem fjalla um afmörkuð verkefni tengdum margvíslegum hagsmunum sjóðanna.

Stjórn LL fór á vinnufundi við skerpingu á stefnu 2010 og framtíðarsýn lífeyrissjóðanna 2020, með nokkrum sérfræðingum á fundum 11.-12. febrúar sl. Slík yfirferð og vinna við stefnumótum hefur farið fram þrisvar sinnum áður á vettvangi LL á þeim liðlega áratug sem liðinn er frá stofnun samtakanna. Unnið var úr niðurstöðum þessarar vinnu í vetur og var ákveðið í kjölfarið að þetta og efla starfsemi málefna- og starfshópa innan LL. Þessari endurskipulagningu lauk í lok apríl s.l.. Hóparnir sem eru jafnframt undirnefndir stjórnar LL eru nú eftirfarandi:

**Aðgerðahópur lífeyrisjóðanna** er skipaður níu fulltrúum var komið á fót í aðdraganda Stöðugleikasáttmálans á síðasta ári og hefur einkum verið í viðræðum um fjármögnun verklegra framkvæmda við fulltrúa ríkishópsins sem samanstendur af fulltrúum ráðuneyta, stofnana og ríkisfyrirtækja.

**Réttindahópur**, skipaður sex fulltrúum, fjallar um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar, stefnumörkum um framtíðarskipan örorkulífeyrissgreiðna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.

**Eignastýringahópur** – skipaður sex fulltrúum fjallar um eigna- og áhættustýringu fyrir lífeyrissjóði. Yfirfer lög og reglur um eignastýringu og á að hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um fjárferstingaumhverfið lífeyrissjóða.

**Samskiptahópur** – skipaður sjö fulltrúum meginverkefni eru fólgin samskiptum við stjórnvöld og þingnefndir og auk þess samskipti við fjölmiðla einkum ef málin varða heildarhagsmuni sjóðanna.

**Fræðsluhópur**- skipaður sex fulltrúum- Meðal verkefna er að móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina og að vinna kynningarefni um lífeyrissjóðakerfið.

**Áhættuhópur** – fimm fulltrúar -Meginverkefni hópsins er að fara yfir áhættur í ytra umhverfi lífeyrissjóða og semja leiðbeinandi verklagsreglur um áhættustýringu lífeyrissjóðanna.

**Viðbragðshópur** – þrír fulltrúar – Meginverkefni hópsins er að móta viðbrögð í lögfræðilegum álitamálum sem varða sameiginlega hagsmuni lífeyrisjóðanna.

**Úrskurðarhópur** - þrír fulltrúar - hefur verið starfandi til margra ára og úrskurðar um álitamál í samskiptum lífeyrissjóða vegna lífeyrisréttar ofl.

Verulegar breytingar og tilfærslur urðu nú í vor á verksviði einstakra starfshópa sem eru um leið undirhópar stjórnar LL. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, starfar með öllum hópunum auk þess sem einstaka hópar hafa aðgang að sérfræðingum á sviði lögfræði, verðbréfaviðskipta og fjölmiðlunar innan og utan lífeyrissjóðanna.

Því er stundum haldið fram að rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna sé mikill í alþjóðlegum samanburði. Af þeim ástæðum öfluðum við okkur upplýsinga um heildarkostnað við rekstur lífeyrissjóða í 17 löndum víðsvegar um heim. Þessi samanburður, sem miðast við hlutfall af heildareignum þeirra, staðfestir að rekstrarkostnaður íslensku lífeyrissjóðanna er hlutfallslega lægstur, ásamt dönskum lífeyrissjóðum.

Góðir fundarmenn!

Fystu mánuðina eftir bankahrunið tók eitt mál öðrum fremur mikinn tíma í samskiptum LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Fjármálaeftirlitið og skilanefndir og síðar slitastjórnir gömlu bankana. Flestir lífeyrissjóðirnir höfðu um nokkurt árabíl verið með gjaldmiðlavarnarsamninga við viðskiptabankanna. Þessir samningar höfðu þann tilgang að draga úr sveiflum á erlendum eignum sjóðanna og var hægt að framlengja þá eftir þörfum í viðkomandi banka. Þegar bankarnir fóru á hliðina haustið 2008 voru þessir samningar komnir í neikvæða stöðu vegna gengisfalls krónunnar í aðdraganda bankahrunsins.

Eftir viðræður við allar skilanefndir bankanna lögðu fulltrúar lífeyrissjóðanna fram sáttaboð í lok árs 2008 sem gerði ráð fyrir skuldajöfnun vegna skuldabréfa á bankanna og greiðslu mismunar sem miðar við hina opinberu gengisvísitölu 175 við fall bankanna 7. til 10. október 2008.

Í mánaðarlegum yfirlitum Seðlabanka Íslands um heildareignir sjóðanna, og í ársreikningum lífeyrissjóða 2008 og 2009, er gert ráð fyrir uppgjöri og skuldajöfnun vegna afleiðusamninga miðað við sáttaboðið sem sjóðirnir lögðu fram fyrir rúmu ári. Lífeyrissjóðirnir lýstu engu að síður síðasta í haust ítrustu kröfum á gömlu viðskiptabankanna vegna gjaldmiðlasamninganna á grundvelli markaðsbrests af þeirra völdum í febrúar og mars 2008. Viðræður við skilanefndir og slitastjórnir gömlu bankanna höfðu þá litlu skilað sem hönd var á festandi.

Hlé var gert á viðræðum við skilanefndir og slitastjórnir gömlu bankanna þegar styttest fór í að rannsóknanefnd Alþingis vegna bankahrunsins skilaði skýrslu sinni. Frá því skýrslan var lögð fram þann 12. apríl s.l. hafa sérfræðingar á vegum sjóðanna verið að kanna hvort upplýsingar, sem þar koma fram um aðdraganda bankahrunsins, hafi víðtæk áhrif á framhald málsins við skilanefndir bankanna. Í þessu sambandi var komið á sérstöku teymi sem samanstendur af viðbragðshópi og lögfræðingum á vegum LL og lífeyrissjóða.

Líkur á því að þessi og fleiri mál, tengd gömlu bönkunum, endi fyrir dómstólum hafa ekki minnkað við skýrslu rannsóknanefndar Alþingis. Atburðir síðustu daga og stefnur slitastjórna gömlu bankanna á hendur nokkrum stjórnendum og eigendum gömlu viðskiptabankanna sýna svo ekki verður um villst að þar hafa verið í gangi viðskiptahættir og blekkingar sem fæsta óraði fyrir. Lífeyrissjóðir eru, eins og flestir landsmenn, sannarlega þolendur og illa brenndir af bankahrununu og afleiðingum þess.

Af öðrum stórum málum sem LL hefur komið að á starfsárinu eru undirbúningur og stofnun fjárfestingasjóðs lífeyrissjóðanna. Málið hafði verið í undirbúningi með hléum allt frá desember 2008. Eftir mikla kynningu meðal lífeyrissjóða var Framtakssjóður Íslands slhf.

stofnaður 8. desember s.l. með 30 milljarða kr. hlutfjárloforðum frá 16 lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að hlutfé verði innborgað á þremur árum, 2010, 2011 og 2012. Á stofnfundi FSÍ var sjóðnum kosin sjö manna stjórn. Framkvæmdastjóri var ráðinn í febrúar sl. og aðrir þrír aðrir starfsmenn eru komnir til starfa eða gera það á næstunni.

Sjóðurinn er því kominn vel á skrið og unnið er að könnun á mögulegum fjárfestingakostum. Sjóðurinn hefur sett sér fjárfestingastefnu fyrir þetta ár og gengið frá starfsreglum stjórnar og samskipta- og siðareglum. Ráðgjafaráð FSÍ, þar sem fulltrúar allra stofnsjóða koma að, er einnig tekið til starfa. Í starfsreglum FSÍ er gert ráð fyrir þeim möguleika að einstaka lífeyrissjóðir geti verið meðfjárfestar með FSÍ í tilteknum stærri verkefnum í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína í félaginu.

Starfsemi Framtakssjóðs Íslands slhf. mun geta skipt miklu máli við endurreisn íslensks atvinnulífs á næstu árum og ýtt undir og flýtt því brýna verkefni að líf komist í Kauphöll Íslands á nýjan leik.

Í aðdraganda stöðugleikasáttmála ríkisins, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði í lok júní 2009 var komið á fót sérstökum aðgerðahópi lífeyrissjóða. Veigamikill liður með sáttmálanum var að koma hjólum atvinnulífsins af stað og í því sambandi var leitað til lífeyrissjóðanna um fjármögnun opinberra framkvæmda.

Fulltrúar hópsins hafa tekið þátt í viðræðum við stjórnvöld um fjármögnun viðamikilla sjálfbærra verklegra framkvæmda í samgöngumálum, svo sem tvöföldum Suðurlandsvegar, Vesturlandsvegar á kafla og að ljúka tvöföldum Reykjanesbrautar, nýja brú yfir Ölfusá við Selfoss, Vaðlaheiðargöng, stækkun flugstöðvar á Akureyri og byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík.

Hér er um gríðarleg verkefni að ræða og viðræður eru skammt á veg komnar í þeim flestum, nema þá helst byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík en þar munu framkvæmdir líklega hefjast næsta haust. Þessu til viðbótar áttu fulltrúar lífeyrissjóðanna einnig viðræður við Landsvirkjun um fjármögnun innlends kostnaðar við byggingu Búðarhálsvirkjunar, en þær viðræður hafa legið niðri um nokkurt skeið. Á síðari stigum hafa fulltrúar hópsins einnig átt í viðræðum við fulltrúa fjármálaráðuneytis og Lánasjóðs sveitarfélaga um fjármögnun 3ja ára átaks í viðhaldi opinberra bygginga í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þess er að vænta að niðurstöður í þeim viðræðum geti legið fyrir innan mjög skamms tíma.

Þá tóku fulltrúar hópsins þátt í viðræðum um byggingu nýs Landsspítala við Hringbraut og var gengið frá viljayfirlýsingu stjórnvalda og 20 lífeyrissjóða þann 4. nóvember 2009. Þetta er umfangsmikið og flókið verkefni sem kallar á mjög vandaðan undirbúning. Málið er í eðlilegum farvegi á vegum verkefnisstjórnar á vegum stjórnvalda og nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um nýbyggingu Landspítalans. Aðkoma lífeyrissjóðanna að fjármögnun þess að hluta eða öllu leyti liggur ekki fyrir og kemur tæplega í ljós fyrr en að loknu heildarútboði.

Gangi nær öll þessi fyrirhuguðu verkefni eftir á og samkomulag takist um fjármögnun þeirra, vaxtakjör og endurgreiðslutímabil má áætla að heildarkostnaður vegna þeirra allra geti numið allt að 100 milljörðum króna á tímabilinu 2010 til 2016. Þessar heildarfjárhæðir gætu

deilst á 5 til 6 ár og verið nálægt 20 milljarðar króna á ári. Telja verður mjög ólíklegt að verkefni gangi öll eftir, einkum vegna þröngrar stöðu ríkissjóðs, samkeppni um fjármögnun og ekki síst vegna óhjákvæmilegrar kröfu lífeyrissjóða um ávöxtun fjármuna og tryggingu fyrir endurgreiðslum útlána í einstaka sjálfbærum verkefnum.

Góðir fundarmenn!

Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru meðal þeirra hæstu í heimi þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og gríðarlegra erfiðleika sem hafa fylgt í kjölfarið. Áætlað er hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 120% af vergri landsframleiðslu í árslok 2009 en voru 112% í árslok 2008 og höfðu komist hæst í 130% af sömu viðmiðum árið 2007.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða skipaði sérstaka lærdómsnefnd í maí 2009 til að fjalla um hvað lífeyrissjóðirnir gætu lært af þeim fjárhagslegu áföllum sem dunið hafa yfir íslensk þjóðfélag allt frá hruni viðskiptabankanna í október 2008. Nefndin kynnti skýrslu sína á fundi með yfir 80 fulltrúum lífeyrissjóðanna 8. apríl s.l. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna margvíslegar tillögur til úrbóta, sem varða m.a. strangari kröfur til útgefenda verðbréfa og hert ákvæði til að verja rétt og stöðu lífeyrissjóða þegar kaup eiga sér stað.

Ákveðið var að gera ráðstafanir til fylgja tillögunum fast eftir á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða. Í framhaldinu var myndaður sérstakur eignastýringahópur innan LL sem mun í störfum sínum leita þekkingar úr eigin ranni og í aðkeyptri sérfræðipjónustu. Áriðandi er að þessu mikilvæga verkefni ljúki sem fyrst og eigi síðar en næsta haust.

Allt frá bankahruninu haustið 2008 hefur þjóðfélagsumræðan á Íslandi tekið miklum breytingum. Það sem til nokkurra ára þótti það allra besta í ávöxtun og fjárfestingum fór meira og minna á hliðina. Þegar íslenski hlutabréfamarkaðurinn nær hvarf á nokkrum dögum og vikum, með tilheyrandi afleiðingum, hlaut eitthvað að láta undan. Íslenskir lífeyrissjóðir urðu fyrir miklu höggi eins og aðrir fjárfestar og raunar landsmenn allir.

Umræðan gagnvart starfsemi lífeyrissjóðanna hefur verið mjög sveiflukennd allt frá bankahruninu. Það lá strax fyrir í október 2008 að enginn komst óskaddaður frá bankahruninu og óhjákvæmilegum eftirmálum þess. Það sem hjálpar lífeyrissjóðunum mest í öllu þessu ölduróti er mikil dreifing á eignum sjóðanna innanlands og utan. Ef við tökum mið af því að nánast allir innlendir bankar og sparisjóðir féllu í hruninu eða síðar er raunar merkilegt að kreppan skyldi ekki koma enn verr niður á lífeyrissjóðunum.

Ef við lítum á áhrif fjármálakreppunnar á stöðu lífeyrissjóða í nokkrum löndum, og hvernig hún birtist í nafnávöxtum þeirra 2008 og 2009, sjáum við hve áhrifin eru alþjóðleg. Fréttir síðustu daga, um fjárhagsstöðu fjölmennra ríkja á evrusvæðinu, færa okkur sanninn um að enginn er eyland í þessum efnum.

Það er mjög eðlilegt að skiptar skoðanir séu um áhrif fjármála- og efnahagskreppunnar á stöðu íslensku lífeyrissjóðanna. Umræðan er ýmist í ökla eða eyra en ljóst er að áhugi almennings á starfsemi lífeyrissjóða hefur stóraukist á síðustu misserum og það er sannarlega af hinu góða. Fjárfestingastefna sjóðanna síðustu árin fyrir bankahrunið hefur

verið fyrirferðamikil og sama gildir um skipan stjórna sjóðanna einkum á almennum vinnumarkaði.

Nokkrir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði hafa neyðst til að skerða réttindi og greiðslur vegna bankahrunsins og afleiðinga þess. Komu þessar lækkanir fram eftir ársfundi þeirra á síðasta ári og sama gildir á þessu ári. Nema þessar lækkanir allt frá 5-17% en það er svipað svipað hlutfall og sjóðirnir greiddu í hækkun lífeyrisgreiðslna umfram neysluvísitölu og á síðustu árum fyrir bankahrunið. Á sama tíma er nokkur umfjöllum um óskertar lífeyrisgreiðslur hjá sjóðum sem starfa með ábyrgð launagreiðenda. Þessi umræða með öðru kallar fram tortryggni í garð lífeyrissjóðanna og hefur dregið úr trúverðuleika þeirra. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis fjallaði nokkuð um starfsemi og fjárfestingar lífeyrissjóðanna fyrir bankahrunið og var hún þarft og gott innlegg í umræðuna.

Lífeyrissjóðirnir þekkja ekki annað en að starfa undir miklu og víðtæku eftirliti opinberra aðila og endurskoðenda. Þá eru stjórnir, stjórnendur og starfsfólk sjóðanna sífellt á varðbergi við að gæta hagsmuna sjóðanna og réttinda sjóðfélaganna.

Bakhjarlar lífeyrissjóðanna, samtök launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði, hafa undanfarna mánuði rætt um stöðu og framtíðaruppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins. Þetta er gríðarlegt mikilvægt verkefni og hefur umfang þess vaxið við bankahrunið og afleiðingar þess. Á þeim vettvang hefur komið fram sú skoðun að ástæða sé til þess að fram fari ýtarleg skoðun á starfsemi og fjárfestingum lífeyrissjóðina í aðdraganda bankahrunsins. Þessi mál hafa verið rædd í stjórn LL meðal annars tengslum við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Á næsta reglulega fundi stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða verður lögð fram tillaga um skipa sérstaka nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga, sem fái það hlutverk að kanna ýtarlega starfshætti og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. Í ljósi þess að meginhluti íslenska lífeyrissjóðakerfisins hvílir á kjarasamningsbundnum réttindum mun stjórn LL kalla eftir sjónarmiðum heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði varðandi afmörkun og umfang úttektarinnar.

Tryggja þarf umfram allt að vandað verði til verka eins og mögulegt er og að vinnubrögð og niðurstöður skýrslu sérfræðingahópsins verði hafin yfir allan vafa. Gangi ofangreint eftir er gert ráð fyrir að nefndin skili skýrslu og tillögum til stjórnar LL fyrir 1. nóvember 2010.

Fyrir bankahrunið 2008 voru starfandi margir bankar og sparissjóðir auk lífeyrissjóða, fjárfestinga- og peningamarkaðssjóða ásamt mörgum öðrum sjóðum af ýmsu tagi. Ég þori að fullyrða að eignarýrnun lífeyrissjóðanna af völdum bankahrunsins og afleiðinga þess varð mun minni hlutfallslega en hjá öðrum aðilum á fjármálamarkaði. Þessu er lítið haldið á lofti jafnt af okkur og í umræðum í fjölmiðlum. Menn eiga að spyrja sig og skoða um leið hvað veldur þessu. Svarið er hins vegar einfalt, mikil eignadreifing lífeyrissjóðanna innanlands og utan kom í veg fyrir enn verri áföll. Að baki þessari miklu eignadreifingu liggur fjárfestingastefna sem sífellt er í endurskoðun hjá stjórnnum og starfsfólki lífeyrissjóðanna.

En eftir stendur spurningin: Gátu lífeyrissjóðirnir uppfyllt 3,5% langtímaávöxtun umfram verðbólgu án þess að vera virkir á fjármálamarkaði? Viðbúið er að ef sjóðirnir hefðu allir lagt

áherslu á skuldabréf þá hefði orðið offramboð innanlands og raunvextir lækkað undir þessi mörk

Það verður ekki undanskilið í þessari ræðu að fjalla nokkuð um samskipti LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Alþingi og þingnefndir frá bankahruninu. Af eðlilegum ástæðum jukust þessi samskipti mjög mikið og liggja fyrir því ýmsar ástæður, sem margar tengjast efnahagshruninu og áhrif þess að stöðu ríkisjóðs, lífeyrissjóða, fólks og fyrirtækja. Breyta hefur þurft lögum um lífeyrissjóði eða skyldum lögum, ýmist að okkar frumkvæði eða stjórnvalda. Komið hafa fram þingmál á Alþingi, þar sem vegið er að lífeyrissjóðunum í skattamálum og gildir einu hvort um er að ræða samtryggingarsjóði eða séreignasparnað. Undir það síðasta komu fram hugmyndir á Alþingi að réttast væri að taka upp gegnumstreymislífeyrissjóði fyrir opinbera starfsmenn með svipuðum hætti og í Grikklandi og á Ítalíu.

En lífeyrissjóðirnir, bæði samtrygging og séreignin, eiga sér og hafa átt góða stuðningismenn á Alþingi og í ríkisstjórn. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka starfsfólki fjármálaráðuneytis, þess ráðuneytis sem við höfum mest samskipti við, og sérstaklega Steingrími J Sigfússyni fjármálaráðherra, fyrir mjög góðan skilning og stuðning við starfsemi lífeyrissjóðanna í landinu í því mikla ölduróti sem gengið yfir íslenskt þjóðfélag.

Að endingu þetta.

Landsamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir fjölmörgum fundum á starfsárinu um margvísleg málefni er varða starfsemi sjóðanna. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem komu að starfsemi Landsamtaka lífeyrissjóða með einum og öðrum hætti. Sérstaklega vil ég þakka Hrafn Magnússyni, framkvæmdastjóra LL, fyrir frábært starf oft við erfiðar aðstæður.

Það líta margir til íslensku lífeyrissjóðanna ekki síst á erfiðum á tímum. Erlendis öfunda okkur margir fyrir öflugum lífeyrissjóði sem byggjast á sjóðssöfnun. Þeir, sem eru í forystu lífeyrissjóðanna á hverjum tíma, stjórnir, stjórnendur og starfsfólk þurfa ávallt að vera þess minnug að þeirra skylda er að varðveita og ávaxta einhverja verðmætustu eign þjóðarinnar, lífeyrisréttindi sjóðfélaganna, og að sjóðirnir geti eftir því sem mögulegt er staðið við þær lífeyrisgreiðslur sem þeim er ætlað að standa undir í framtíðinni.

Arnar Sigurmundsson